

Ársskýrsla leikskólans

Kirkjubóls



skólaárið 2010- 2011

EFNISYFIRLIT

	Bls:
<u>Mat á leikskólaári 2010-2011</u>	3
<u>Barnahópurinn</u>	3
<u>Starfsmannahópurinn</u>	4
<u>Starfsáætlun fyrir skólaárið 2010-2011</u>	4
1. <u>Helstu verkefni og áherslur</u>	4
2. <u>Áherslur í foreldrasamstarfi</u>	6
3. <u>Stefna í starfsmannahaldi</u>	8
4. <u>Nýbreitni</u>	9
<u>Húsnæði og viðhald</u>	12
<u>Lokaorð</u>	12

MAT Á LEIKSKÓLAÁRI 2010 - 2011

Mat á starfinu í leikskólanum er bæði formlegt og óformlegt. Starfsfólkið metur oft óformlega ýmsa atburði eða verkefni sem verið er að vinna sem leiða til umbóta. Hins vegar fór formlegt mat fram í janúar, þá var haustönnin og desember mánuður endurmetin. Á deildarfundum í maí fór fram formlegt endurmat á vorönn leikskólans. Það kemur vel út að meta starfið í áföngum, þá er það ferskara í minni. Matið leiðir til þess að gerðar eru umbætur þar sem við á, lærdómur dreginn af starfinu og lögð eru drög að þema og áherslum næsta skólaárs. Viðhorfskönnun foreldra fór fram í júní 2010 þannig að það var ekki önnur slík könnun á árinu en á móti tóku foreldrar þátt í óformlegu mati bæði í gegnum fundi foreldrafélagsins, foreldraráðs og með þátttöku í skólapingi. Börnin segja sína skoðun á skólastarfinu og voru sjónarmið þeirra könnuð sérstaklega bæði fyrir skólapingið og í tengslum við sérstaka þætti í starfinu t.d. ferð í Vatnaskóg, hádegismatinn í leikskólanum og fleira.



BARNAHÓPURINN

Hinn 1. desember 2010 voru 62 börn í leikskólanum í 82,8 barngildum og með 501 dvalarstundir, þar af voru 31 drengir og 31 stúlkur. Barnafjöldinn skiptist á 3 deildar á eftirfarandi hátt.

- 18 börn á Kanínudeild en þar eru yngstu börnin 18 mánaða – 3 ára
- 22 börn á Kisudeild þar eru 3 - 6 ára börn
- 22 börn á Bangsadeild þar eru 3 – 6 ára börn

Alls voru 6 börn fædd árið 2009, þar af eru 3 stúlkur og 3 drengir

Alls voru 17 börn fædd árið 2008, þar af eru 8 stúlkur og 9 drengir

Alls voru 17 börn fædd árið 2007, þar af eru 12 stúlkur og 5 drengir

Alls voru 15 börn fædd árið 2006, þar af eru 8 stúlkur og 7 drengir

Alls voru 7 börn fædd árið 2005, þar af eru 0 stúlkur og 7 drengir

Börnin áttu rætur að rekja til 9 landa sem eru: Austuríki, Bandaríkin, Þýskaland, Filippseyjar, Pólland, Venezuela, Thailand, Sri Lanka, Rússland og Ísland. Tungumálin sem börnin tala auk íslensku eru: enska, spænska, þýska, pólska, shinhalíska, rússneska, thailenska og filipseyskt mál.

Ekkert barn var með með greiningu vegna þroskaröskunar, en 17 börn fengu sérstaka handleiðslu hjá sérkennslustjóra, sem snéri að málörvun, þjálfun í fínhyreyfingum, grófhreyfingum, einbeitingu og félagsfærni svo eitthvað sé nefnt.

STARFSMANNAHÓPURINN

Hinn 1. desember 2010 voru samtals 18 starfsmenn í 15,83 stöðugildum í leikskólanum sem skiptust þannig:

- 7 leikskólakennarar
- 6 leiðbeinendur
- 1 þroskaþjálfari
- 1 grunnskólakennari
- 1 grunnskólakennaranemi
- 1 sérkennari/sérkennslustjóri
- 1 matráður

Starfsfólk átti rætur að rekja til 5 landa sem eru: Kórea, Filipseyjar, Rússland, Serbía og Ísland. Leikskólastjórinn var í námsleyfi á árinu og leysti aðstoðarleikskólastjórinn hann af. Tveir leikskólakennarar voru einnig í námi með vinnu og tveir leiðbeinendur stunduðu nám í leikskólalábrú Fjölbrotarskólans í Garðabæ.

STARFSÁÆTLUN KIRKJUBÓLS FYRIR SKÓLAÁRIÐ 2010 -2011

Í starfsáætluninni voru fjórir flokkar af verkefnum og þeir eru:

- 1) helstu verkefni og áherslur, 2) áherslur í foreldrasamstarfi, 3) stefna í starfsmannahaldi og 4) nýbreytni.

1. Helstu verkefni og áherslur

A) Að vinna áfram með **fjölgreindakenningu Howards Gardner** og flétta fjölgreindunum inn í daglegt starf leikskólans. Við vildum flokka efnivið leikskólans og einnig taka fyrir hvert svæði fyrir sig inn á deildum. Þessi vinna fór fram á starfsmannafundum en við náðum ekki að gera eins mikið og við hefðum viljað, stór hluti af starfsmannafundum vetrarins fór einnig í að vinna með nýja skólastefnu Garðabæjar. Við fengum mjög góðan fyrirlestur á skipulagsdegi þann 17. September, en það var leikskólastjórinn Björk Óttarsdóttir sem fræddi okkur um fjölgreindavinnuna á leikskólanum Núpi en þar hefur verið unnið þróunarverkefni í tengslum við kenninguna.

Það má segja að vel hafi gengið inn á yngstu deild að tengja fjölgreindirnar inn í starfið og skráning varðandi börnin gekk vel þar. Útbúin var listi yfir greindir inn á svæðum og gekk vel að skrá styrkleika barnanna í leik og nýta þær upplýsingar áfram í foreldraviðtölum.

Á eldri deildum var unnið á starfsmannafundum með nokkur svæði þau rædd og hugmyndir settar fram um vinnu með greindirnar. Svæðin sem tekin voru fyrir eru heimiliskrókur, útisvæði/leikvöllur, listasmiðja og kubbakrókur. Einnig prentuðum við út lista yfir greindirnar og hugmyndir fyrir starfsfólk til að hafa uppi við á deildum og minna okkur á.



Vinnan með fjölgreindirnar er komin ágætlega á skrið en ýmislegt er óunnið. Mikilvægt er á næsta skólaári að ná að gera fjölgreindavinnuna sýnilegri. Setja fræðsluefni á heimasíðu sem skýrir út á hvað fjölgreindakenningin gengur þannig að foreldrar og aðrir geti kynnt sér það. Einnig stefnum við á að nýta okkur enn frekar skráningu á eldri deildum líkt og gert var á yngstu deildinni til að skoða hvar börnin standa til að efla þau þar sem þarf og nýta sterkar hliðar þeirra í leikskólanáminu. Skráningin nýtist svo áfram fyrir foreldraviðtöl og fleira .

B) Haldin var samkeppni meðal foreldra og barna um **merki fyrir leikskólann** á vormánuðum. Nokkrar hugmyndir skiluðu sér en við hefðum þó viljað fá fleiri. Nokkrir aðilar voru tilbúnir til að dæma og velja merki en ekki vannst tími til að klára þá vinnu yfir sumarið þannig að við frestuðum því fram á haust. Seinkunin varð vegna þess að við vildum freista þess að fá fleiri hugmyndir og dróst allt ferlið fram í júní. Í dómnefnd verður fulltrúi barna, starfsfólks og foreldra og vonandi klárast þetta verkefni sem fyrst á haustmánuðum 2011.

C) Lesmál – þróunarverkefni hélt áfram frá skólaárinu 2009-2010 og var almenn ánægja með verkefnið. Deildarstjórar höfðu yfirumsjón yfir verkefnið og orðin sem tekin voru fyrir yfir veturinn tengdust yfirleitt því sem verið var að vinna með hverju sinni t.d. þema vetrarins sem var veðrið. Dæmi um orð sem voru lögð inn í vetur voru hrollkaldur, ísilagður, skjól og mörg fleiri skemmtileg hugtök. Einnig bauðst foreldrum að koma á fyrirlestur í Flataskóla um málþroska barna sem haldinn var á vegum fræðslu- og menningarsviðs en þar fjölluðu Hrafnhildur Ragnarsdóttir prófessor við Háskóla Íslands og Árdís Hrönn Jónsdóttir leikskólakennari um mikilvægi leikskólaáranna í málþroska barna og hlutverk foreldrar. Fyrirlesturinn var opinn öllum forráðamönnum og starfsmönnum í leikskólum Garðabæjar og var mjög fræðandi en því miður fáir sem nýttu sér hann.

Útbúin var hugmyndabanki af deildarstjórum um hvernig hægt væri að vinna með orðaforða úr ýmsum sögum og gátu bæði starfsmenn sem og foreldrar nýtt sér þær hugmyndir sem settur voru á heimasíðu Garðabæjar. Okkur fannst verkefnið skila sér vel og heyrðum á talsmáta barnanna að þau höfðu tileinkað sér orðin og ýmis hugtök sem tekin voru fyrir yfir veturinn. Einnig fannst okkur foreldrar vel meðvitaðir um verkefnið þar sem orðin voru alltaf sýnileg bæði í fataherbergi og inn á deildum og þeir töluðu um að þeir fyndu fyrir verkefninu heima. Það er ætlun okkar að nýta aðferðina áfram á næsta skólaári þrátt fyrir að þróunarverkefninu sé nú lokið.

- D) Ný skólustefna Garðabæjar 2010-2013** tók gildi á skólaárinu og markviss vinna fór fram við að innleiða hana inn í starfið. Á skipulagsdegi kynntu Anna Magnea Hreinsdóttir leikskólafulltrúi og Margrét Björk Svavarsdóttir forstöðumaður fræðslu- og menningarsviðs nýju stefnuna fyrir starfsfólki. Allir skólar bæjarins héldu skólaþing þar sem gerð var aðgerðaráætlun um hvernig unnið skuli með markmið stefnunnar inna skólans. Fyrir skólaþingið var gerð könnun á viðhorfum foreldra og starfsmanna til þeirra markmiða sem komu fram í skólustefnunni. Skólaþing okkar á Kirkjubóli var haldið í stað starfsmannafundar 11. janúar 2011 og tóku allir starfsmenn þátt og 19 foreldrar þannig að við vorum mjög sátt við þátttökuna. Þátttakendur skiptust í 4 hópa eftir hornsteinum stefnunnar og ræddu saman í tæpa tvo klukkutíma. Þingið gekk vel og var almenn ánægja með það að setjast svona saman og ræða leikskólamál enda gefst ekki oft mikill tími til slíks. Til að fá sjónarmið barna fram var búið að ræða við börnin fyrirfram og skrá niður svör þeirra sem hægt var að nýta á þinginu. Leikskólastjóri dró saman niðurstöður og setti í aðgerðaráætlun sem kynnt var fyrir leikskólanefnd og sett inn á heimasíðu leikskólans.
- E)** Í september var útbúinn samstarfssamningur við Flataskóla í **Brúum bilið** verkefninu en Brúum bilið er samstarfsverkefni á milli leik- og grunnskóla í Garðabæ. Þetta var fyrsti veturinn sem Flataskóli var okkar heimaskóli og gekk samstarfið mjög vel en það þarf kannski að finna betur út hver hefur frumkvæðið að samskiptunum, þar sem fyrsti fundur tengiliða var ekki fyrr en eftir miðjan október en áætlunin ætti að vera tilbúin fyrr. Við teljum að samstarfssamningurinn geri starfið markvissara og haldi betur utan um samskiptin á milli skólanna. Meðal þess sem var á samningnum voru heimsóknir á milli skólanna, börnunum var boðið í mat í Flataskóla og vorskóli. Það var sérstaklega gaman að fá fyrstu bekkinga í heimsókn í leikskólann að skoða sýninguna okkar á gömlum munum og hitta þar aftur börnin sem höfðu verið í leikskólanum árið áður.
- F)** Gera **starfið sýnilegra** foreldrum með ýmsum leiðum. Unnið var markvisst að því að kynna starfið fyrir foreldrum en við fundum fyrir því að fólk vill vita meira um vinnu barnanna á daginn, daglegt starf og hvað er að gerast í leikskólanum. Þetta fundum við t.d. þegar foreldraráðið fundaði og einnig í umræðum á skólaþingi. Það verður að segjast að mikið af upplýsingum fer á milli heimilis og skóla, bæði eru upplýsingar á heimasíðu, í fréttabréfum, á töflu í fataherbergjum og svo eru sendir reglulegir tölvupóstir en betur má ef duga skal. Upplýsingaflæði var mikið á skólaárinu en það verður að taka fram að foreldrar eru líka að hugsa um upplýsingar um sitt barn, hvernig því leið yfir daginn og hvað það gerði í leikskólanum og slíkt þarf þá að koma fram í daglegum samskiptum við foreldra sem getur reynst erfitt í lok dags þegar jafnvel einn starfsmaður er eftir. Þessi daglegu samskipti, jákvætt viðmót og hvernig tekið er á móti börnunum er gríðarlega mikilvægt í foreldrasamstarfinu og eitthvað sem þarf



sífelld að rifja upp á starfsmannafundum og kynna fyrir nýju starfsfólki. Einnig þarf reglulega að minna foreldra á hvar upplýsingarnar er að finna.

Það sem var gert til að efla upplýsingflæðið:

- **Upplýsingatöflur í fataherbergjum**- ítrekað við starfsfólk að skrifa á og setja meiri upplýsingar inn t.d. um hópastarf, samverustundir, sögustundir og fleira. Þetta gekk vel og allir voru meðvitaðir um að skrifa á töfluna.
- **Reglulegir tölvupóstar** til foreldra þar sem minnt var á viðburði og upplýsingum um ýmislegt komið á framfæri til að tryggja upplýsingflæðið. Einnig sendu deildarstjórar pistil um starfið í bláa og græna hóp á haustönn og var ánægja með þann póst. Það hefði þurft að gera sama fyrir rauða hópinn. Fram kom á skólalöpinginu að fólki finnst gott að fá tölvupóstana og áminningar og treystir svolítið á það, einnig kom fram að gott væri að hafa póstana stutta og hnitmiðaða því fólk gefur sér ekki tíma í að lesa langa pistla. Fréttabréf mánaðarins og matseðill er sendur í viðhengi um hver mánaðarmót og einnig minnt á heimasíðuna í leiðinni. Til að auðvelda foreldrum að skoða heimasíðuna var einnig settur tengill í tölvupóstinn beint inn á síðun t.d. í tengslum við nýjar myndir eða myndbönd.
- **Foreldrafundur að hausti** til að kynna vetrarstarfið, bæði yfir heildina og einnig inn á deildum þar sem hópaskipting og starf var kynnt. Upplýsingar frá fundinum fóru einnig heim til foreldra í tölvupósti þar sem margir mættu ekki á fundinn. Á þessum fundi var einnig aðalfundur foreldrafélagsins þar sem valdir voru fulltrúar í foreldraráð og foreldrafélag.
- **Skólalöpingið** í febrúar var kjörinn vettvangur fyrir foreldra til að kynna sér starf leikskólans betur, kynna starfsfólki og koma sínum sjónarmiðum á framfæri og bauðst öllum foreldrum að taka þátt og skrá sig á þingið.
- **Kynningarfundur** á starfi elstu barna var haldinn í byrjun mars fyrir foreldra 4 ára barnanna. Var sá fundur að morgni til í salnum og var vel heppnaður. Markmiðið var að kynna nánar það markvissa starf sem unnið er með elstu börnunum (bláa hóp) og gera foreldra meðvitaðri um áherslurnar í þeirri vinnu. Í tengslum við þetta var einnig sýnd ársskýrsla yfir starf fimm ára barna frá liðnum vetri (2009-2010) og sú skýrsla kynnt foreldraráðinu og sett á heimasíðu leikskólans. Við teljum að það hafi verið gott að þessi fundur var að morgni til og var stuttur þannig að flestir sáu sér fært að mæta.
- **Garðapósturinn** er blað sem fer inn á hvert heimili í Garðabæ og nýttum við okkur að senda inn fréttir og myndir úr starfinu t.d. um afmæli leikskólans, orðaforðaverkefnið, vorhreinsun, ömmu- og afakaffi, jólasamveru, strætóverkefni og fleira. Með þessu móti gerum við leikskólann sýnilegri og börnunum finnst mjög gaman að sjá myndir frá leikskólanum sínum í blaðinu. Fulltrúar í foreldraráði og



foreldrafélagi leikskólans skrifuðu pistil um leikskólastarfið frá sjónarhorni foreldra í tengslum við dag leikskólans sem birtur var í Garðapóstinum.

- **Reglulegar fréttir** inn á heimasíðu leikskólans, myndir og upplýsingar um viðburði. Einnig er fréttabréf mánaðarins ávallt aðgengilegt á forsíðu sem og matseðill mánaðarins. Okkur hefur gengið vel að nota heimasíðuna og verið mjög virk í að segja frá því sem er ofarlega á baugi hverju sinni. Einnig var reglulega minnt á heimasíðuna í tölvupósti og settur tengill beint þar inn t.d í tengslum við nýjar myndir úr starfinu. Þetta gekk vel en við gætum bætt okkur í að setja inn fréttir frá hverri deild fyrir sig.

Yfir heildina erum við sátt með þennan þátt og finnst við hafa gert vel í því að gera starfið sýnilegra foreldrum með góðu upplýsingaflæði, kynningarfundum og umræðum. Ljóst er að við þurfum sífellt að minna okkur á þennan þátt þar sem nýjir foreldrar bætast inn og áherslur í starfinu breytast með hækkandi aldri barnanna. Foreldrum þykir ákaflega vænt um að fá að heyra af starfi barna sinna yfir daginn og gott foreldrasamstarf er mikilvægt fyrir alla aðila. Upplýsingar um starfið eru víða, ekki síst í verkum barnanna sjálfra, umræðum þeirra heima og ljósmyndum úr starfinu inn á heimasíðum.

G) Þema vetrarins var **veðrið** þar sem leitast var við að tengja það inn í námssvið leikskólans. Veðrið fléttaðist inn í starfið á eftirfarandi hátt:

- Tónlist- sungið um veðrið og ýmsar veðurtengdar þulur og vísur. Einnig sömdu börnin sjálf veðurvísur á eldri deildunum.
- Málörvun- tengdist inn í orðaforðaverkefnið með ýmiss konar veðurtengd hugtök. Veðurfræðingur á hverjum degi þar sem litið var til veðurs og rætt hvernig þyrfti að klæðast þann daginn.
- Myndlist- mála veðrið í „dag“, búa til ský og sól, sett upp veðurherbergi á opnu húsi, ljós og skugga verkefni með myndvarpa. Elstu drengir myndskreyttu strætó með jólalegum snjómyndum, ofið utan um trjágreinar og fjölbreytt myndverk gerð.
- Hreyfing- útivera, gönguferðir t.d. í hraunið, upplifanir úti í alls konar veðri.
- Menning og samfélag- vinna með gamla tímamann, húsin, fatnað, ullina, safna- ferðir á Árbæjarsafn, Byggðarsafnið, í Gerðuberg og bókasafnið.
- Náttúra og umhverfi- vinna með árstíðirnar, veðurbreytingar, ljós og skugga. Gáfum fuglunum sem áttu erfitt með að finna æti í kuldunum og fylgdumst með þeim. Einnig gerðar tilraunir með snjó, vatn og gróðursetningu.



2. Áherslur í foreldrasamstarfi

- A)** Gott samstarf við fulltrúa í foreldraráði og foreldrafélagi. Foreldraráð tók þátt í skipulagi á skólapingi og fundir voru reglulegir þar sem starfið var rætt. Tillögur komu fram frá foreldraráði varðandi kynningarfund fyrir foreldra fjögurra ára barna og umræður um að gera starfið okkar sýnilegra. Einnig voru ræddar niðurstöður úr viðhorfskönnun foreldra og gerðar úrbætur þar sem við átti.



Fulltrúar foreldrafélagsins funduðu reglulega og gáfu út 3 fréttabréf yfir veturinn. Einnig sáu þau um margskonar skemmtilegar uppákomur í samstarfi við starfsfólk t.d. dansnámskeið, Bárð víking á bóndadag, töframann á öskudag, bakstur á opnu húsi, sumargleði og hestaheimsókn. Leikskólinn fékk veglega afmælisgjöf á 25 ára afmælisdaginn en það voru fjölnota diskar og glös sem henta okkur vel sem grænánaleikskóla en einnig fengum við bækur. Fyrir utan þetta skipulögðu þau meðal annars sund- og bíóferð.

- B)** Reglulegir viðburðir í leikskólanum sem bauð upp á samveru og samvinnu foreldra, starfsfólks og barna t.d. danssýning, morgunmatur og söngur á aðventu, fagnaðarfundur og kaffi á degi leikskólans, ömmu og afakaffi, sýning í sal, opið hús, molasopi að morgni og síðdegiste, sumarfagnaður foreldrafélagsins. Einnig var foreldrum boðið í fyrsta sinn að koma og vera við síðustu samvinnustund hjá elsta hóp og þiggja ávexti að henni lokinni.
- C)** Gott upplýsingflæði (sjá hér að ofan).
- D)** Í Tengslum við meistaraverkefni Mörtu leikskólastjóra var rætt við nýja foreldra um aðlögunarferlið fyrir ný börn að leikskólanum og fengin fram viðhorf þeirra. Þessi vinna nýttist okkur svo að setja niður vinnuferlið hér á Kirkjubóli. Það var gott og gagnlegt að fá fram sjónarmið foreldra til aðlögunarinnar og gott að hafa það til viðmiðunar.



Mat starfsmanna á þessum þætti er að vel hafi gengið í foreldrasamstarfinu og mikilvægt að auglýsa vel þá viðburði sem eru í leikskólanum og bjóða foreldra velkomna. Vel hefur reynt að börnin útbúi boðskort t.d. á ömmu og afakaffi og danssýningu og virkilega góð mæting á þessa viðburði. Eins kom fram á skólapingi að foreldrar hvöttu til að mannauðurinn í foreldrahópnum væri nýttur og að starfsfólk gæti leitað til foreldra t.d. að leika jólasvein á jólaballi eða í tengslum við vettvangsferðir og kynningar fyrir börnin eða starfsfólkið.

Sumarhátíðin var ánægjuleg, hugmyndir komu upp um að hafa stöðvar og leiki í garðinum t.d. sjóræningjapema en tími til að skipuleggja og útbúa slíkt var of knappur. Mat okkar er að sumarhátíð foreldrafélagsins sé vel lukkuð eins og hún hefur verið með skrudgöngu,

notalegri samvera allra þar sem börnin syngja fyrir foreldra og leika sér svo saman í garðinum.

3. Stefna í starfsmannahaldi

A) Gerð jafnréttis-, eineltis- og starfsmannastefnu ásamt því að uppfæra handbók fyrir nýja starfsmenn. Í handbókinni er starfsáætlun leikskólans, helstu vinnulýsingar, starfsmannastefna, réttindi og skyldur, bæklingur með hagnýtum upplýsingum og fleiri upplýsingar. Þessar stefnur þarf að kynna vel fyrir öllum starfsmönnum leikskólans og hafa þær ávallt aðgengilegar. Stefnt er að því að kynna þær vel i haust og fá athugasemdir frá starfsmannahópnum.

B) Starfsmenn sinntu endurmenntun og fóru á ýmis námskeið og fyrirlestra sem voru í boði yfir veturinn.

- Öryggisvörður og öryggistrúnaðarmaður fóru á námskeið á vegum vinnuverndar.
- Námskeið um vísindaleiki- 2 starfsmenn.
- Námskeið um kvíða og áhyggjur barna, 2 starfsmenn.
- Fyrirlestur um kennslufræðilegan leik á skipulagsdegi, allir starfsmenn.
- Námskeið um fjölgreindakenninguna og vinnu í leikskóla á skipulagsdegi, allir starfsmenn.
- Fyrirlestur um tónlist í leikskóla og kynning á bók, 2 starfsmenn.
- Jóga, snerting og slökun námskeið, 2 starfsmenn.
- Skyndihjálparnámskeið á vegum foreldrafélagsins, 2 starfsmenn.
- Fyrirlestur um ónæmiskerfið, 4 starfsmenn.
- Námskeið varðandi endurnýtingu á efni, 1 starfsmaður.
- Hljóðfæragerð, 2 starfsmenn.
- Kynning á námsefninu Lubbi finnur málbein, sérkennslustjórinn.
- Framhaldsnám í HÍ 3 starfsmenn þar af 1 í meistaranámi í fullu námsleyfi.
- Leikskólalabrá í Fjölbrotarskóla Garðabæjar, 2 starfsmenn.

Auk þessa voru námskeið fyrir trúnaðarmenn bæði hjá STAG og FL. Starfsmenn endurmeta námskeiðin sem þeir fara á og kynna gjarnan fyrir hinum á starfsmannafundi. Við þurfum að bæta þær kynningar svo námskeiðin geti nýst frekar innan skólans og fleiri njóti góðs af fræðslunni en nákvæmlega þeir sem fengu hana. Ljóst er að mikið framboð er á fræðslu og spennandi fyrirlestrum fyrir starfsfólk en oft erfitt að gefa sér tíma til að fara út úr leikskólanum, sérstaklega þegar veikindafjarvistir eru tíðar því að börnin ganga alltaf fyrir í starfinu.

C) Öryggisvörður og öryggistrúnaðarmaður voru tilnefndir og fylltu þeir út vinnuumhverfisvísi frá vinnueftirlitinu og gerðu í framhaldinu áhættumat fyrir leikskólann. Þessir aðilar vinna ásamt stjórnendum að bættum aðbúnaði, hollustuháttum og öryggi á vinnustað. Vinnan er

Því komin í fastari farveg en áður. Helstu athugasemdir voru vegna hávaða, kulda og öryggis á útisvæði ásamt vilja til að gera húsnæðið vistlegra t.d. með málningarvinnu.

D) Starfsmannahópurinn sýslaði ýmislegt skemmtilegt saman, hélt vinaviku, tók þátt í lífshlaupinu, hélt saumaklúbba og matarboð. Einnig settum við upp hróskrukku inn í kaffistofu með vorinu til að efla hrós okkar í millum og beina sjónum að því góða sem einkennir vinnustaðinn okkar.



4. Nýbreytni

Við unnum áframhaldandi vinna með fjölgreindir og þróunarverkefnið frá árinu áður. Nýbreytni hjá okkur var að halda skólalæping þar sem foreldrar og allt starfsfólk ræddi saman um skólastefnu Garðabæjar og hvernig starf við viljum hafa í leikskólanum okkar.

Samstarfsáætlun þar sem Flataskóli er okkar heimaskóli var einnig nýbreytni í vetur og okkur fannst gott að hafa áætlun á blaði yfir veturinn.

HÚSNÆÐI OG VIÐHALD

Umræður um húsnæði og viðhald voru miklar í vetur og þá sérstaklega í tengslum við áhættumat starfsfólks. Ljóst er að húsið er gamalt og margt sem við vildum sjá gert í viðhaldsmálum t.d. málningarvinna á gluggum og fleiru. Á skólalæpingi fundu foreldrar á eigin skinni hversu kalt verður í húsinu þegar kalt er í veðri og þá þurfum við að fá pípara til að fara yfir ofnana reglulega. Ýmislegt náðist þó að vinnast í vetur og er það vel.

Það sem gert var í viðhaldsmálum:

- Nýjar klemmuvarnir þar sem vantaði.
- Lagaður neyðarútgangsgluggi á Bangsadeild, þéttur.
- Lagað loft í forstofu.
- Farið yfir alla glugga til að þétta, settur þéttilisti á forstofuhurð svo ekki næði inn um.
- Settur á hurðalisti inn á barnaklósetti á Kisudeild.
- Gryfjunn í sal lokað og dúkað yfir.
- Rafvirki losaði vatn úr útiljósi fyrir utan Kanínudeild og negldi upp kant sem lafði niður.
- Tveir nýjir glugga (tréverkið) inn á Bangsadeild.
- Nýjir listar á innréttingu í eldhúsi.
- Lausar rafmangsdósir lagfærðar.
- Farið yfir ofna, en það þarf að gera reglulega yfir veturinn.
- Leikskólinn málaður að utan.
- Fyllt upp í holur í kringum bát og settur nýr hellusteinn þar sem vantaði við niðurfall.
- Endurnýjuð girðing að hluta í garði.

Mat okkar er að betur þurfi að sinna þessum málaflokki. Viðhaldi á leiksvæði hefur verið ábótavant en þar vantar gras víða, brekkur eru holóttar og hellur farnar að síga. Miklu skiptir að gengið sé beint í þær lagfæringar sem snúa að öryggi og fengum við í hendurnar rekstrarhandbók fyrir leikvelli en í henni er meðal annars skýrsla vegna aðalskoðunar á leiksvæði sem framkvæmd var 11. maí 2011.

LOKAORÐ

Á árinu var mikið unnið, leikið og lært og almennt séð gekk skólaárið vel fyrir sig. Hópaskipting var óvenjuleg á árinu þar sem einungis 7 börn voru í elsta hópnum og því fjórir aldurshópar á eldri deildum en við teljum æskilegra er að halda 3 aldurshópum þar. Lagt var kapp á að efla kynningarstarf til að auka vitund meðal foreldra um það mikla starf sem unnið er í leikskólanum og teljum við að það hafi tekist með ágætum. Veðrið var á tíðum erfitt og komust við ekki eins mikið og við hefðum viljað í vettvangsferðir. Einnig einkenndu síendurteknar streptókokkasýkingar meðal barna og starfsfólks skólaárið og þurftum við að leita til heilsugæslunnar og fá ráðleggingar varðandi þann hvímléiða smitsjúkdóm.

Leikskólinn varð 25 ára á skólaárinu og það er tvímælaust styrkur leikskólans að þar er öflugur starfsmannahópur með mikla reynslu sem hefur ánægju af störfum sínum. Það skilar sér til barnanna og foreldra þeirra.

Anna Bjarnadóttir
aðstoðarleikskólastjóri



Elstu börnin í síðustu samvinnustund sinni í leikskólanum.